

STJÓRNARTÍÐINDI B 1 – 1989

2. janúar 1989

1

Nr. 1

GJALDSKRÁ fyrir Bifreiðaskoðun Íslands hf.

Gjöld fyrir skráningu ökutækja og skráningarmarki, svo og fyrir skoðun ökutækja, sbr. 64. og 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, eru ákveðin sem hér segir:

1. gr.

Gjald fyrir skráningu ökutækja.

- | | |
|-------------------------------------|-----------|
| 1. Nýskráning | 3 600 kr. |
| 2. Skráning eigendaskipta | 1 500 kr. |

2. gr.

Fyrir notkun reynslumerkis ber að greiða 8000 kr. á ári. Nú er notkun reynslumerkis leyfð í styttri tíma, og greiðir eigandi ökutækis þá fyrir notkun og lögð mælt ábyrgðartryggingu og slysatryggingu ökumanns 500 kr. fyrir hvern dag eða hluta úr degi er hann hefur reynslumerki í sínum vörslum. Gjaldið greiðist fyrirfram miðað við áætlaðan notkunartíma.

3. gr.

Gjald fyrir skráningarmarki ökutækja.

- | | |
|--|-----------|
| 1. Skráningarmarki, hvert merki | 1 900 kr. |
| 2. Rammi fyrir skráningarmarki, hver rammi | 625 kr. |

4. gr.

Gjald fyrir almenna skoðun ökutækja.

- | | |
|---|-----------|
| 1. Skoðun bifreiðar, minni en 5000 kg að leyfðri heildarþyngd | 1 900 kr. |
| 2. Skoðun bifreiðar, 5000 kg að leyfðri heildarþyngd eða meira | 3 800 kr. |
| 3. Skoðun bifhjóls | 1 900 kr. |
| 4. Skoðun léttis bifhjóls | 600 kr. |
| 5. Skoðun eftirvagns, minni en 5000 kg að leyfðri heildarþyngd | 1 900 kr. |
| 6. Skoðun eftirvagns, 5000 kg að leyfðri heildarþyngd eða meira | 3 800 kr. |

Skoðunargjald vegna ökutækis sem fært er til almennrar skoðunar þegar liðnir eru fjórir mánuðir frá skoðunarmánuði skal vera 20% herra.

B 1

5. gr.

Gjald fyrir endurskoðun ökutækja.

Gjald fyrir endurskoðun ökutækis í framhaldi af almennri skoðun er hálf gjald fyrir almenna skoðun. Ef liðinn er frestur sem veittur var til að færa ökutækið til endurskoðunar skal greiða fullt gjald.

6. gr.

Gjald fyrir sérskoðun ökutækja.

1. Skráningarskoðun (sérvíðurkenning)	4 500 kr.
2. Skoðun innflutts notaðs ökutækis við skráningu	4 500 kr.
3. Skoðun innflutts notaðs ökutækis við skráningu, ef ökutækið er hluti af búslóð eiganda	1 900 kr.
4. Skoðun ökutækis við endurskráningu	4 500 kr.
5. Skoðun breytts ökutækis	10 000 kr.
6. Skoðun ökutækis fyrir aksturskeppni	1 000 kr.

7. gr.

Gjald fyrir skoðun ökutækis sem að kröfu lögreglu er fært til sérstakrar skoðunar er hálf gjald fyrir almenna skoðun. Ef skráningarmarki hafa verið tekin af ökutæki vegna vanbúnaðar skal greiða fullt gjald.

8. gr.

Fyrir gerðarviðurkenningu greiðist gjald samkvæmt reikningi.

Nú er þörf á sérstaklega umfangsmikilli skoðun á ökutæki og er þá heimilt að áskilja greiðslu kostnaðar við þá skoðun samkvæmt reikningi.

9. gr.

Söluskattur er innifalinn í þeim gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari sem bera söluskatt.

10. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um skoðunargjald ökutækja, nr. 586 23. desember 1987, svo og 10. gr. a í reglugerð um dómsmálagjöld o.fl., nr. 585 23. desember 1987, sbr. reglugerð um breytingu á þeirri reglugerð, nr. 271 31. maí 1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. janúar 1989.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Ólafur W. Stefánsson.